

Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Þriðjudaginn 3. september 2013 kl. 17 í fundarherbergi skólans

Mætt voru: Atli Harðarson skólameistari, Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri, Eiríkur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi kennara, Anna Berglind Einarsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldrafélags, Dagbjört Guðmundsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Helena Guttormsdóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Hjördís Hjartardóttir, tilnefnd af sveitarfélögum, Reynir Þór Eyvindsson skipaður af ráðherra án tilnefningar, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar.

Fylgiskjöl:

a) Fylgiskjal með yfirliti um breytingar á starfsliði og auglýsingar á störfum, upplýsingar um innritun og upphaf haustannar og yfirliti um rekstur skólans á fyrri helmingi ársins 2013.

Dagskrá

- 1) Atli setti fund kl. 17.02. Hann fjallaði í upphafi um breytingar á starfsliði skólans og auglýsingar á störfum (sjá fylgiskjal). M.a. þarf að auglýsa starf fjármálastjóra þar sem Guðný hefur sagt upp en hún hefur verið í leyfi. Atli spurði skólanefndarfulltrúa hvort þeir vildu fylgjast með hverjir sæktu um og um framvindu mála. Vilji var til þess en talið óþarft að boða fund um málið. Atli mun vera í sambandi við formann skólanefndar.
- 2) Innritun og upphaf haustannar 2013. Haustönnin er rýrari en verið hefur enda færri nemendur og minna fjármagn til skólans. Kennslustundir á nemanda eru færri en áður og því færri áfangar í töflu þeirra. Þá má nefna að hópar eru stærri. Aðsókn nýnema er svipuð og verið hefur og koma nánast allir í hverjum árgangi á Akranesi í FVA. Aðsókn eldri nemenda er minni en áður þ.e. annara en nemenda í dreifnámi húsasmiða, sjúkráliða og vélsmiða. Dreifnámsnemendur skila sér vel en aðrir eldri nemendur eru færri en á síðasta skólaári. Spurt var um hugsanlegt samstarf við Dalabyggð sem var til umræðu í vor. Ati sagðist hafa rætt við Dalamenn um hugsanlegt samstarf 2014. Ekki varð framhald á þeim viðræðum en nú í haust fór af stað framhaldsdeild í Búðardal í samvinnu við Menntaskólann í Borgarnesi. Töluvert var rætt um málið og framhaldsdeildir í litlum byggðarlögum. Í Búðardal eru fáir nemendur í árgangi sem hefja framhaldsskólanám og því erfitt að reka slíka deild. Aðsókn 10. bekkinga í verknám er minni en áður. Þetta gildir einnig um höfuðbogarsvæðið og Suðurnes en ekki um Fjölbrautaskóla Suðurlands en þar er ágæt aðsókn 10. bekkinga í verknám. Aðsókn á AT-brautina (sameiginlega byrjun í húsasmíði og vélsmiði) mætti vera meiri en aðsókn nýnema í grunndeild rafiðna er viðunandi. Óvenju margir byrja á starfsbraut eða 5 nemendur. Eiríkur sagðist vilja leggja meiri áherslu á að kynna möguleikann á að taka stúdentsnám með iðnnáminu. Rætt var um tæknigreinar og að miklir möguleikar fælust í þeim. Hugsanlega er iðnnámið of fullorðinsmiðað fyrir unglunga í dag? Fæstir unglingar hafa t.d. áhuga eða mikið vit á díselvélum. Þegar skólum á Vesturlandi fjölgaði virðist FVA hafa misst nemendur t.d. af Snæfellsnesi sem hefðu farið í verknám hér. Núna fara þessir nemendur í bóknám í heimabyggð en ekki verknám. Kannski verður Snæfellsnesið án iðnaðarmanna eftir nokkur ár? Fólk taldi að kynna þurfi verknámsgreinar betur, byrja jafnvel fyrr en í 10. bekk.
- 3) Reksturinn. Rúmlega 8 milljón króna afgangur er af rekstrinum eftir fyrstu 6 mánuði ársins. Stefnt er að því að afgangur verði í lok ársins en haustönnin stefnir í að verða verri en gert var ráð fyrir. Hagnaður, ef einhver verður, mun allur fara upp í skuldir skólans frá fyrri árum. Rætt var um

horfurnar á næstunni. Verður niðurskurður? Hætta er á vinnudeilum. Á heimavistinni eru 10 ónýtt pláss. Þá vantar fleiri í áskrift í mat. Nú í byrjun haustannar eru heldur færri í mat en voru á síðasta skólaári. Rekstur mótuneytisins varð erfiðari eftir að átakið heilsueflandi framhaldsskóli hófst.

- 4) Önnur mál. Skólinn var í Héraðsdómi Vesturlands dæmur til að greiða kennara við skólann afturvirkar launahækkunar, 1.173.327 krónur auk dráttarvaxta. Dagbjört var samhljóða kosinn nýr formaður skólanefnarinnar. Rætt var lauslega um umhverfi skólans en stefnt er að því að setja niður tré á lóðinni til að gera hana hlýlegri. Þá var nefnt að gera mætti byggingar skólans hlýlegri með gróðri í þeim.

Fundi í fundarherbergi lauk um kl. 18.45. Eftir það var farið í göngu um skólann þar sem skólanefndarfulltrúar skoðuðu nokkrar stofur í D-byggingu og rafiðna- og tréiðnadeild. Gönguferðinni lauk um kl. 19.30

Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.